



# 1. fundur stjórnar FRÍ 2018 - 2020

## Haldinn á Café Easy, Laugardal, 4. apríl 2018 kl. 19.45

Mætt: Freyr Ólafsson formaður, Gunnar Svavarsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Fjóla Signý Hannesdóttir, Kári Steinn Karlsson, Helgi S. Haraldsson, Eiríkur Mörk Valsson, Björg Ágústsdóttir, Aðalbjörg Hafsteinsdóttir og Guðmundur Karlsson framkvæmdastjóri.

Að lokinni skoðunarferð um skrifstofur FRÍ og sameiginlegum kvöldverði var gengið til fyrirbyggjandi dagskrár.

### 1. Fundarboðun og rafrænt samþykkt mál

Boðun fundar - Samþykkt.

MÍ í 10 km hlaupi fært til frjálsíþróttadeildar Fjölris - Samþykkt.

### 2. Vinnulag stjórnar

Formaður fór yfir og leiddi umræðu um vinnulag stjórnar. Eftirfarandi var rætt og ákveðið:

**Stjórnarfundir:** Miðað verður við að halda stjórnarfundi á 2ja vikna fresti, alltaf á sama tíma, kl. 16.30-18.00 á þriðjudögum í söllum ÍSÍ. Dagskrá send út tímanlega.

**Samskipti:** Samskipti stjórnar fara mikið til fram í gegnum Facebook og tölvupóst. Skoðað verði með að opna sérstaka fundargátt fyrir nefndir og stjórn, þar sem nefndar- og stjórnarfolk geti lesið fundargögn/fundargerðir allra nefnda.

**Verkaskipting og umboð:** Ákveðin verk eru í höndum framkvæmdastjóra og hefur hann til þess umboð. Nefndir hafa ákveðið hlutverk og umboð sem þyrfti þó að endurskoða í upphafi kjörtímabilsins. Starfshópar/nefndir hafa líka starfað skv. ákvörðunum FRÍ. Ákveðið var að skerpa á hlutverki og umboði nefnda, stjórnar og starfsfólks og setja upp "skema" til að bæta yfirsýn yfir hvar ákvarðanir liggja. Sjónarmið komu fram um að það sé í lagi að nefndir séu misvirkar; það fari eftir vægi og verkefnum nefnda. Rætt um að skipulag sé þannig úr garði gert að það ýti undir að nefndir séu virkar, að þær hafi verkefni og skili þeim, t.d. með áætlunum og eftirfylgni.

**Áhugi og ábyrgð:** Rætt um með hvaða hætti megi virkja varamenn í stjórn og hvernig megi ýta undir virkni nefnda FRÍ.

### Niðurstaða:

- Samþykkt að stjórn yfirfari erindisbréf nefnda, auk þess að óska eftir yfirferð allra nefnda.



- Einnig verði óskað eftir starfsáætlun frá nefndum, þar sem þær horfi til viðfangsefna sinna næstu 2 árin.
- Sett verði upp skema yfir hlutverk og umboð nefnda/stjórnar/starfsfólks. Unnið á næstunni.
- Farið verði yfir nefndir (fastanefndir, starfsópa) og mönnun verði lokið fyrir næsta fund.
- Framkvæmdastjóri "starti" nefndum með því að boða til funda með hverri nefnd í upphafi tímabilsins.

**Annað:**

Rætt var um mögulegar greiðslur til formanns fyrir embættisverk eða vinnu fyrir sambandið, sem væri langt umfram það sem gildir um aðra stjórnarmenn. Til frekari umræðu síðar.

**3. Uppgjör 61. Frjálsíþróttapings - málum vísað til stjórnar**

Þinggerð, sem innifelur allar tillögur sem afgreiddar voru á 61. Frjálsíþróttapingi er að verða tilbúin. Í framhaldinu fær laganefnd það verkefni að uppfæra lög og reglugerðir sambandsins.

**Málum vísað til stjórnar - A**

Listi er tilbúinn yfir samþykktir Frjálsíþróttapings sem vísað var til stjórnar.

Framkvæmdastjóri ásamt starfshópi mun senda á tilsvarende aðila.

Ýmsar aðrar samþykktir þarf stjórn að rýna og verður farið í það á næsta/næstu fundum.

**Málum vísað til stjórnar - B**

Rætt var sérstaklega um keppnisrétt, félagsaðild og Íslandsmeistaratitla, þingtillögur nr. 16, 52 og 53. Máli vísað til frekari umræðu og skoðunar stjórnar og langahlaupanefndar.

**Fjárhagslegt uppgjör þings**

Uppgjör kom vel út.

**Stef**

Mjög jákvæður andi var á þinginu.

**4. Helstu verkefni og áskoranir framundan**

Rætt var sérstaklega um helstu verkefni og áskoranir stjórnar. Hlaup og lýðheilsuverkefni, fræðslu- og útbreiðslustarf og afreksmál.

Formanni og framkvæmdastjóra falið umboð til að ráða starfsmann í ca. 25% starf á skrifstofu til að leiða fjölmiðlun.



Rætt sérstaklega um Forsetahlaupið - lýðheilsuviðburð í tilefni af 50 ára afmæli forseta Íslands.

Opnir stjórnarfundir - Samþykkt að halda áfram með opna stjórnarfundum.

Framkvæmdastjóra falið að undirbúa næstu fundi með Fjölni, Aftureldingu og HSK í vor. Norðurland við fyrsta tækifæri einnig, hvort heldur í sumar eða haust.

#### 5. **Afrekssjóður FRÍ**

Samkvæmt afreksstefnu FRÍ er í gildi ákveðin flokkun þeirra sem eiga rétt á úthlutun úr sjóðnum. Framkvæmdastjóri hefur unnið drög að tillögu um úthlutun, byggða á afreksstefnunni og fyrrgreindri flokkun. Framkvæmdastjóri kynnti stuttlega úthlutun úr Afrekssjóði FRÍ. Tillaga verður send stjórn til umfjöllunar og endanlegrar ákvörðunar.

#### 6. **Skipulag funda fram á sumarið**

Áður rætt undir lið 2.

**Fundarlok kl. 21.35.**

**Fundargerð ritaði Björg Ágústsdóttir**